

Kosningastefnuskrá vegna alþingiskosninga 2007  
Aðgerðaáætlun í málefnum barna

# Unga Ísland

Stöndum vörð um börnin okkar  
– fjárfestum í framtíðinni

 Samfylkingin



# Börnin okkar eru það dýrmætasta sem við eigum og það er mikilvægur mælikvarði á framsýni þjóða, hvernig þær búa yngstu kynslóðir sínar undir framtíðina.

Við viljum að börnin okkar verði sterkir og sjálfstæðir einstaklingar. Til þess að öll börn eigi þess kost að rækta og njóta hæfileika sinna til fulls, þarf að skapa þeim hagstæð uppvaxtarskilyrði og jafnframt foreldrum góðar aðstæður til að sinna uppeldi þeirra og uppvexti. Skólum þarf að skapa skilyrði til að standa vel að menntun þeirra og gott stuðnings- og öryggisnet þarf að vera til staðar ef út af bregður.

Samfylkingin mun á næsta kjörtímabili beita sér fyrir markvissum aðgerðum til að bæta stöðu barna og barnafjölskyldna á Íslandi í samstarfi við foreldra, skóla, sveitarfélög, samtök atvinnurekenda, verkalýðsfélög, meðferðaraðila, samtök sem vinna að heill barna og samtök fólks af erlendum uppruna.

## Markmið Samfylkingarinnar verða eftirfarandi:

- Bæta hag barnafjölskyldna
- Auka stuðning við foreldra til að sinna uppeldishlutverki sínu
- Virkja og styrkja hæfileika allra nemenda í skólakerfinu
- Leita allra leiða til að draga úr fátækt barna
- Auka vernd barna gegn kynferðisafbrotum
- Auka stuðning við börn innflytjenda
- Auka stuðning við börn og fjölskyldur barna og ungmenna, sem eiga í vanda vegna vimefna eða hegðunarferðleika, og einnig við börn foreldra sem eiga við sama vanda að etja
- Bæta lagaumhverfi í málefnum barna og réttarstöðu þeirra

## Fyrstu aðgerðir til að ná þessum markmiðum

1. Móta opinbera, heildstæða stefnu í málefnum barna og ungmenna er byggi á rétti þeirra eins og hann er skilgreindur í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
2. Þjóða foreldraráðgjöf og -fræðslu í öllum sveitarfélögum í samstarfi við heilsugæslu-stöðvar og félagsþjónustu. Hún miðist við mismunandi aldur barna og ef sérstakur vandi steðjar að.
3. Draga úr tekjutengingum barnabóta, en það kemur lægri- og millitekjuhópum best.
4. Námsbækur í framhaldsskólum verði nemendum að kostnaðarlausu.
5. Leggja áherslu á að börn innflytjenda fái sömu tækifæri og þjónustu og íslensk börn, m.a. með stóraukinni áherslu á íslenskukennslu og stuðning í skólum og aukinni aðstoð við innflytjendur á unglingsaldri í því skyni að lágmarka brottfall úr framhaldsskólum. Lögð verði áhersla á fræðslu gegn fordómum í garð innflytjenda
6. Bæta tannvernd barna, með ókeypis eftirliti og forvarnaraðgerðum og auknum niðurgreiðslum á tannviðgerðum barna.
7. Koma á sólarhrings aðstoð og ráðgjöf við unga fíkniefnaneytendur og börn með bráð geðræn vandamál og koma á fót langtíma eftirmeðferð fyrir þau. Fjölga meðferðarleiðum og leggja aukna áherslu á lausnir innan heimilisins, þar sem því verður við komið.
8. Stórefla forvarnarstarf gegn kynferðisofbeldi, m.a. með auknu samstarfi við frjáls félagsamtök og auka lagaheimildir lögreglu til öryggisráðstafana og aðgerða gagnvart kynferðisafbrotamönnum, s.s. þeirra sem reyna að lokka til sín börn með aðstoð Netsins.
9. Efna til samstarfs við aðila vinnumarkaðarins um leiðir til að stytta vinnuvikuna, í því skyni að auka samvistir foreldra og barna.

## Samfylkingin

# vill bæta hag barnafjölskyldna með því að

1. bæta almennt hag foreldra með lækkun matarverðs; ábyrgri hagstjórn sem leiðir til lækkunar verðbólgu og vaxta; niðurfellingu þriðjungs námslána; afnámi stimpilgjalda á lánum til íbúðarkaupa; endurreisn vaxtabóta kerfisins og með því að efla traustan leigu-markað
2. draga úr tekjutengingu barnabóta
3. bæta tannvernd barna þannig að eftirlit með tannheilsu og forvarnaaðgerðir verði friar og kostnaðarþáttaka ríkisins í tannlækningum barna stóraukin t.d. með afsláttarkorti eins og í annarri heilbrigðisþjónustu
4. stefna í samstarfi við sveitarfélögin að gjaldfrjálsum skóla frá leikskóla til framhaldsskóla og í tómstundastarfi barna
5. námsbækur á framhaldsskólastigi verði nemendum að kostnaðarlausu með sama hætti og er á hinum Norðurlöndunum
6. lengja fæðingarorlofið í 12 mánuði í áföngum og breyta reglum þannig viðmiðunartími við útreikninga orlofs verði stytur og að orlofið nýtist einstæðum foreldrum að fullu
7. hækka skattleysismörk í áföngum

## Veist þú að:

- Vinnuvika íslenskra foreldra er ein sú lengsta í Evrópu og á Íslandi er hæst hlutfall kvenna á vinnumarkaði. Þrátt fyrir það eignast þær næst flest börn kvenna í Evrópu.
- Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar eru 71% íslenskra barna átta klst. eða lengur í leikskólum.
- Barnabætur hafa lækkað ár frá ári í tíð þessarar ríkisstjórnar og nemur sú fjárhæð sem ríkið hefur þannig haft af fjölskyldufólki samtals um 10,5 milljarðar (1995-2005).

Fyrst nú á árinu 2007 rétt fyrir kosningar nemur raungildi barnabóta því sem þær voru árið 1995, en verkalýðshreyfingin knúði það fram í tengslum við kjarasamninga á síðasta ári.

Barnabætur eru orðnar að láglaunabótum og byrja að skerðast hjá einstæðum foreldrum við 93 þúsund krónur. Ótekjutengdar barnabætur voru greiddar til 16 ára aldurs barna árið 1995 þegar ríkisstjórnin tók við, en nú einungis til 7 ára aldurs barns. Kostnaður foreldra við barn í grunnskóla er ekki minni en við barn í leikskóla.
- Kaupmáttaraukning undanfarinna ára hefur ekki skilað sér til allra m.a. vegna aukins húsnæðiskostnaðar.

Ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks hefur skorið vaxtabætur niður um einn milljarð á þessu kjörtímabili og þar með rýrt stuðning við húsnæðis kaup ungra fjölskyldna.

Húsnæðiskostnaður aukist á síðustu misserum, bæði með hækkandi verði og hækkandi verðbólgu kostnaði. Árið 2002 þurfti eigið fé ungs fólks við kaup á 3ja herbergja íbúð að vera í kringum ein milljón króna. Nú árið 2007 þarf ungt fólk að eiga meira en fimm milljónir til kaupa á sambærilegri íbúð. Þetta bil er brúað með lánum og yfirdrætti á ofurvöxtum.
- Íslenskar fjölskyldur hafa búið við eitt hæsta matarverð í heimi sem loksins er verið að bregðast við m.a. fyrir áralangar kröfur Samfylkingarinnar, þó lengra þurfi að ganga í afnámi tolla, vörugjalda, öflugra samkeppnis- eftirliti o.fl.

## Samfylkingin

# vill styðja foreldra í uppeldishlutverki þeirra með því að

1. vinna að því í samstarfi við aðila vinnu- markaðarins að stytta virkan vinnutíma foreldra og fjölga frídögum þeirra vegna veikinda barna og starfsdaga í skólum og leikskólum
2. auka rétt foreldra til að sinna langveikum og fötluðum börnum sínum
3. hvetja sveitarfélög og atvinnurekendur til að móta opinbera fjölskyldustefnu sem m.a. miðar að því að samræma betur fjölskyldu- ábyrgð og þátttöku í atvinnulífi
4. ráðgjöf og fræðsla, þar á meðal um foreldra- hæfni, standi öllum foreldrum til boða í heilsugæslustöðvum landsins eða hjá félags- þjónustu sveitarfélaga, fræðsla sem tekur mið af ólíkum þörfum og ólíkum aldurs- skeiðum barnsins
5. tryggja að öll börn geti tekið þátt í íþrótt-, tólmstunda- og félagsstarfi
6. efla stuðning við börn foreldra sem eiga sjálfir við geðræn vandamál eða fíkniefnavanda að stríða
7. starfsfólk í ungbarnaeftirliti, leik-, grunn-, og framhaldsskóla eigi kost á fræðslu og þjálfun til að geta miðlað til foreldra þekkingu og niðurstöðum rannsókna um uppeldisvanda, árangursríkar uppeldisaðferðir og foreldra- hlutverkið. Þjálfa og kenna þessu sama starfs- fólkni hvernig styðja megi við foreldra sem stríða við geðraskanir
8. semja við sveitarfélög um að fötluðum börnum verði eins og öðrum börnum tryggð heilsudags vist í skóla, frístundadvöl eftir skóla, helst með ófötluðum börnum, og nauðsynleg þjálfun og frístundadvöl í skólahléum

## Veist þú að:

- Samkvæmt nýrri rannsókn eiga tæp 90% íslenskra foreldra erfitt með að samræma vinnutíma og fjölskylduábyrgð. Þar kemur einnig fram að flestir setja sveigjanlegan vinnutíma í 1. sæti þegar kemur að því sem þeir telja æskilegar úrbætur, næst flestir eða 35% vilja styttri vinnutíma og 18% setja lengra fæðingarorlof í 1. sæti (Jafnréttisstofa 2007)
  - Uppeldi barna í nútímapjóðfélagi er vandasamara en nokkru sinni fyrr. Félagslegt umhverfi barna er allt annað en áður var og foreldrar geta í æ minna mæli stuðst við eigin reynslu úr uppvexti sínum. Til verða ný úrlausnarefni í uppeldi sem glíma þarf við s.s. hreyfingaleysi, tölvufíkn, offita, átröskun og skaðlegar ímyndir auglýsinga.
  - Í nýrri rannsókn tjáir stór hluti (30-65%) ungmenna skýrt óskir um meiri fjölskyldu- stuðning, nánari tengsl, áhuga, ástúð, samtöl og samveru. Um 5-18% ungmenna telja sig utanveltu í eigin fjölskyldu og ekki metin að verðleikum. Börn þar sem foreldrar hafa skilið hafa marktækt sterkari umkvartanir og langanir að þessu leyti en önnur börn. (Ungt fólk og fjölskyldugildi, 2007, Sigrún Júlíusdóttir HÍ)
  - Í nýbirtri UNICEF-skýrslu bendir ýmislegt til þess að staða íslenskra ungmenna (15 ára) víki mjög frá því sem best gerist meðal nágrannaþjóða okkar. Heilsufarslegir þættir virðast í góðu lagi, en þegar hins vegar kemur að líðan og samskiptum dökknar myndin: 10% íslenskra ungmenna eru einmana, utanveltu eða hafa ekki góða tilfinningu fyrir sjálfum sér eða finna sig ekki. Samsvarandi tala er um 5% á hinum Norður- löndunum. 44% þessara íslensku 15 ára ungmenna segja að foreldrar spjalli við þau nokkrum sinnum í viku, en í Finnlandi er samanburðartalan 80%. Aðeins Þýskaland er neðar en Ísland á þessum lista.
  - Flóknari fjölskyldugerð og vandasöm tengsl kynslóðanna hafa skapað nýjan og margbreyti- legan veruleika margra barna sem oft alast upp í samsettum, rofnum og ótryggum fjölskyldum.
- Á annað þúsund íslensk börn ganga árlega í gegnum skilnað eða sambúðaslit foreldra sinna og hlutfall barna sem elst upp hjá öðru foreldri hefur aukist á undanförunum árum. Á árinu 2005 voru alls 18.400 börn á framfæri einstæðra foreldra (mæðra, í 92% tilfella).

## Samfylkingin

# vill vinna gegn fátækt barna með því að

1. hækka skattleysismörk í áföngum og draga úr tekjutengingum barnabóta
2. auka kostnaðarþáttöku ríkisins í tannlækningum barna og gleraugnakaupum
3. bæta stöðu ungra einstæðra foreldra, m.a. með því að tryggja rétt þeirra til að ljúka námi í framhaldsskóla með náms- og framfærslustyrk óháð búsetu
4. tryggja aðgang barna að ókeypis skólamáltíðum og gjaldfrjálsum tólmundastarfi
5. námsbækur í framhaldsskóla verði nemendum að kostnaðarlausu
6. rannsaka nú þegar félagslegt „arfgengi“ fátæktar og félagslegs vanmáttar og rjúfa þann víthring með markvissum aðgerðum
7. endurskoða ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á fjárhagslegum stuðningi við barnafjölskyldur þannig að almanna- og atvinnuleysistryggingar tryggi lágmarksframfærslukostnað til lengri tíma, en félagsþjónusta sveitarfélaga taki á tíma-bundnum erfiðleikum barnafjölskyldna
8. huga að sérstakri niðurgreiðslu á kostnaði við heilbrigðisþjónustu fyrir börn fátækra foreldra

## Veist þú að:

- Nýjar rannsóknir á fátækt barna á Íslandi sýna fram á sterk tengsl á milli fátæktar foreldra annars vegar og vanlíðunar barna, lélegs heilsufars, erfiðleika í skóla og frávíkshæðunar. (Jón Gunnar Bernbugh o.fl., HÍ, 2007)

Þeir hópar sem einkum búa við fátækt eru tekjulágar barnafjölskyldur, einstæðir foreldrar, innflytjendur og öryrkjar.
- Að beiðni Samfylkingarinnar á Alþingi var gerð skýrsla um fátækt barna á Íslandi í lok síðasta árs. Niðurstaða hennar er sú að 6.6% barna búa við fátækt eða yfir 5000 börn. Barnafátækt er tvöfalt meiri hér en á hinum Norðurlöndunum. Ef einungis væri miðað við tekjur væri þessi hópur helmingi stærri, sem gefur góða visbendingu um mögulegan áhrifamátt opinberra aðgerða gegn fátækt.

Hjálparstofnun kirkjunnar telur að um 3000 fjölskyldur búi við fátækt. Nýjar tölur Hagstofu nefna 10% þjóðarinnar, sem nemur um 30 þúsund manns.
- Í Þjóðarpúls Gallup 22. til 29. janúar 2007 segja 44% Íslendinga einhvern í þeirra fjölskyldu hafa verið fátækkan á sl. 10 árum. 23,2% þeirra segja einhvern úr fjölskyldu sinni búa við fátækt núna.
- Barnabætur á Íslandi eru mun lægri en hjá nágrannaþjóðum okkar og hafa verið skertar ítrekað af síðustu ríkisstjórn, og kemur það verst niður á fátækum fjölskyldum.
- Börn sem búa við fátækt á Íslandi hreyfa sig minna en önnur börn, borða sjaldnar hollan mat og eru líklegri til að vera of þung. (Heilsa og lífskjör skólanema, 2006, H.A. og Lýðheilsustöð).
- Athuganir landlæknis sýna að það er háð efnahag hvort foreldrar leysa út lyf fyrir börnin sín og önnur rannsókn, að allt að 20% barna á grunnskólaaldri fær ekki viðunandi tannlæknisþjónustu vegna fátæktar
- Í skýrslu Rauða Krossins frá síðasta ári kom ma. fram að börn bótaþega og láglaunafólks á Íslandi búa við fátækt. Þau njóta ekki sömu lífsgæða og tækifæra og flest önnur börn á Íslandi. Mörg þeirra bera stöðu sína utan á sér, í fasi, hegðun og klæðaburði og eiga frekar á hættu að vera lögð í einelti en önnur börn. Sum þeirra koðna niður, önnur fara í uppreisn, önnur ná að brjótast út úr mynstrinu. Fátæk börn eru líklegri en önnur til að flosna upp úr skóla, fá aðeins láglaunavinnu eða verða öryrkjar. Þau lenda því oft í sömu sporum og foreldrar þeirra þegar þau eldast.

## Samfylkingin

# vill efla menntun barna og unglunga með því að

1. tryggja í verki jafnrétti til náms, og virkja og styrkja hæfileika hvers og eins óháð efnahag, búsetu, kynferðis, þjóðernis og getu
2. efla starfs- og iðnnám í framhaldsskólum og vinna markvisst gegn brottfalli á því skólastigi, m.a. með aukinni námsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum
3. tryggja gjaldfrjálsa menntaleið í gegnum leik-, grunn- og framhaldsskóla.
4. tryggja aðgang barna og unglunga að tónlistarnámi, íþróttá- og tómstundastarfsemi
5. stuðla að virkri þátttöku foreldra og áhrifum þeirra á skólastarfið og nánara samstarfi um fræðslu um nám og uppeldi barna og unglunga
6. námsbækur í framhaldsskólum verði nemendum að kostnaðarlausu
7. endurskoða framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra prófa
8. leita samstarfs við rannsóknastofnanir um rannsóknir og kortlagningu á leshömlun barna og leiðum til að vinna gegn henni

## Veist þú að:

- Íslendingar eiga met í brottfalli úr framhaldsskólum þar sem talið er að um þriðjungur nemenda ljúki ekki for mlegri menntun.
- 35% Íslendinga á vinnumarkaði hafa aðeins lokið grunnskólaprófi og nýleg rannsókn á viðhorfum íslenskra ungmenna sýndi að svipað hlutfall þeirra átti von á að ljúka sinni skólagöngu án framhaldsnáms eða starfsréttinda.
- Minna fé er varið til menntamála á Íslandi en í nokkru hinna Norðurlandanna, ef miðað er við framlag á hvern nemanda. Fjármagn frá ríkinu til skóla á framhaldsskóla- og háskólastigi er lægra hér en í löndum í norðanverðri Evrópu, en framlög sveitarfélaga til leik- og grunnskóla með því hæsta meðal OECD ríkja.
- Verk- og listnám í framhaldsskólum er alvarlega fjársvelt og miklu færri fara í verklegt nám á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum.
- Stór hópur grunnskólabarna fær ekki heitan mat í skólum vegna þess að foreldrar þeirra hafa ekki ráð á því.
- 20% drengja og 15% stelpna í 9.-10. bekk segja að þau hafi hætt að stunda íþróttir þar sem það sé þeim of kostnaðarsamt og næstum helmingi fleiri börn fjárhagslega illa stæðra foreldra stunda ekki íþróttir, samanborið við börn þeirra sem eru betur stæðir. Og um 42% barna sömu foreldra taka nær aldrei þátt í skipulögðu íþróttá- eða tómstundastarfi. (Ungt fólk 2006, Rannsóknir og greining).
- Eitt fyrsta verkefni Samfylkingarinnar í Hafnarfirði árið 2003 var að ákveða að niðurgreiða mjög verulega íþróttá- og tómstundastarf barna í skólum.
- Börn fjárhagslega verr stæðra foreldra eru mun líklegri til að vinna 15 klst. eða meira á viku en börn hinn betur stöddu (Ungt fólk 2006, Rannsóknir og greining).

## Samfylkingin

# vill styðja við börn innflytjenda og foreldra þeirra með því að

1. tryggð verði heildarsýn yfir þjónustu við börn af erlendum uppruna og áttak gert í fræðslu um fjölmenningu og gegn fordómum
2. börn innflytjenda fái markvissan stuðning til að öðlast sömu tækifæri í íslensku samfélagi og önnur börn og foreldrar þeirra fái stuðning í uppeldislutverki sínu
3. áttak verði gert í íslenskukennslu fyrir foreldra af erlendum uppruna og réttur þeirra til túlkþjónustu verði lögvarinn
4. kennsla og þjálfun í íslensku sem öðru máli fyrir börn með annað móðurmál en íslensku, verði í námsskrá allra skólastiga, jafnframt því sem móðurmálskennsla fari fram þar sem því verður við komið, í samvinnu við foreldra
5. gerð verði sérstök aðgerðaráætlun um stuðning við innflytjendur á unglingsaldri og sérstök áhersla lögð á foreldrasamvinnu vegna barna af erlendum uppruna á öllum skólastigum
6. sérstakur stuðningur verði á heilsugæslu- stöðvum við mæðraskoðun og ungbarna- vernd hjá börnum foreldra af erlendu bergi

## Veist þú að:

- Félagslegt net og stuðningskerfi fólks af erlendum uppruna er yfirleitt veikara en annarra.
- Fyrir foreldra af erlendum uppruna eru tengslin við skólann gjarnan gáttin inn í íslenskt samfélag.
- Rannsókn á vegum Fjölmenningarsetursins leiddi í ljós að um 70% innflytjenda eiga börn og 70% þeirra nota alltaf móðurmál sitt í samræðum við börn sín, ábyrgð skóla á íslensku-kennslu þeirra er því mikil. Sama rannsókn sýndi að nánast allir innflytjendur á Íslandi hafa áhuga á að læra íslensku.
- Ungir innflytjendur (14 – 25 ára) eiga í sérstökum erfiðleikum með að aðlagast samfélaginu - sem takmarkar framtíðarmöguleika þeirra
- Í skýrslu Rauða krossins 2006 um Fátækt, einangrun og mismunun á Íslandi kom m.a. fram að þeir hópar sem eiga það helst á hættu að verða bágstaddir í framtíðinni eru fátæk börn og önnur kynslóð innflytjenda. Mörg börn innflytjenda eiga undir högg að sækja. Foreldrar standa styrkum fótum í menningarlegum uppruna sínum, en börnunum getur fundist þau lenda utangarðs, þar sem þau tilheyra hvorki menningu foreldra sinna né íslenskri menningu.

## Samfylkingin

vill styðja börn og fjölskyldur vegna vímuefnaneyslu eða hegðunarerfiðleika, með því að

1. auka viðbragðsflyti og markvissari iðlutun í mál unglunga í vímuefnavanda eða geðræn vandamál, með aðgengilegri ráðgjöf og neyðarhjálpi fyrir foreldra allan sólarhringinn
2. fjölga valkostum í meðferð, svo sem að veita meðferð á heimili barns eða unglungs, sem getur komið í stað stofnanameðferðar og með því að koma upp langtíma meðferð og endurhæfingu fyrir unga fíkla
3. efla eftirmeðferð og stuðning við barn og fjölskyldu þess eftir að stofnanameðferð er lokið, með samvinnu þjónustustofnana ríkis og sveitarfélaga
4. gera heildstæða aðgerðaráætlun í forvörnum vegna vímuefnaneyslu barna, m.a. í samvinnu við Foreldrahús og önnur félagsamtök
5. efla starfsemi BUGL og skapa deildinni skilyrði til að ná betri árangri. Geðheilbrigðisþjónusta barna verði eflað í samvinnu heilsgæslustöðva, skóla og félagsþjónustu sveitarfélaga. Draga úr stofnaþjónustu og fjölga úrræðum sem mæta barninu og fjölskyldunni á heimavelli t.d. með markvissari heimaþjónustu eins og vísir er að á BUGL í dag
6. sálfræðingar og annað fagfólk sem er sérhæft í að greina og meðhöndla geð- og atferlisraskanir barna og unglunga, verði ráðið í auknum mæli til starfa á heilsgæslustöðvum

## Veist þú að:

- Tæplega fjögur þúsund tilkynningar bárust til Barnaverndarstofu vegna áhættuhegðunar, vímuefnaneyslu og afbrota barna og unglunga í fyrra og hefur þeim fjölgað um helming á síðustu 5 árum.
- Á sama tíma hefur meðferðarúrræðum fyrir börn og unglunga verið fækkað og fjárveitingar til Barnaverndarstofu lækkað.
- Rannsóknir hafa sýnt að vandi barna með væga hegðunarröskun og vímuefnavanda sem vistuð eru á stofnunum getur versnað vegna „smitunarhættu“, þ.e.a.s. að börn læra líka óæskilega hegðun af öðrum börnum.
- Yfir fimm þúsund komur voru á BUGL (Barna- og unglिंगageðdeild Landspítala) í fyrra og að mati yfirlæknis deildarinnar þyrfti a.m.k. að tvöfalda getu deildarinnar til að anna eftirspurn eins og hún er í dag.
- Húsnæðisvandi BUGL hefur legið fyrir í meira en áratug án þess að lausn sé í sjónmáli – þrátt fyrir gjafir einstaklinga og félagsamtaka sem nema tugum milljóna.
- Rannsóknir sýna að samvera með foreldrum vinnur gegn líkum á að unglingar leiðist út í fíkniefnaneyslu.



## Samfylkingin

# vill að börnum sé veitt öflugri vernd gegn kynferðisbrotum með því að

1. stórefla forvarnarstarf gegn kynferðisofbeldi, þ.m.t. barnaklámi í samstarfi við frjáls félagsamtök svo sem Blátt áfram, Barnaheill og Stígamót
2. tryggja rétt barns, sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðisbroti, til skýrslutöku, lækni-skoðunar og meðferðar í Barnahúsi þar sem sérfræðipækking er mest og aðstæður eru til að mæta þörfum barns
3. aukinn verði stuðningur fagfólks við börn sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi
4. settar verði skýrar lagaheimildir um öryggisráðstafanir gagnvart kynferðisbrotamönnum með barnagirnd á háu stigi, þ.m.t. vöktun og aðrar eftirlitsráðstafanir.
5. lögreglu verði sköpuð lagaleg og starfsleg skilyrði til grípa til aðgerða gegn þeim sem leggja snörur fyrir börn í kynferðislegum tilgangi á internetinu
6. grípa strax inn í mál ungra gerenda með sérhæfðri meðferð
7. kynferðisbrotamenn fái meðferð meðan á afplánun refsidóma stendur

## Veist þú að:

- Á síðustu árum hafa barnaverndaryfirvöld og lögregla haft til meðferðar mál 200 til 250 barna á hverju ári þar sem grunur leikur á að þau hafi sætt kynferðisofbeldi.
- Frá því að Barnahús tók til starfa í kjölfar skýrslu sem jafnaðarmenn kröfðust fyrir tæpum áratug hefur hátt í 1300 börnum verið vísað þangað til skýrslutöku, lækni-skoðana og meðferðar.
- Allt að þriðjungur kynferðisbrota gegn börnum er framinn af gerendum yngri en 18 ára og rannsóknir sýna að stór hluti gerenda byrja brotaferill sinn á unglingsaldri.
- Börn í Reykjavík sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðisbroti eiga ekki kost á því að skýrslutaka fari fram í Barnahúsi heldur fer hún fram í Héraðsdómi Reykjavíkur.
- Sakfellingum í kynferðisbrotamálum þar sem börn eiga í hlut hefur ekkert fjölgað síðastliðinn áratug þrátt fyrir tvöföldun á fjölda mála.

## Samfylkingin

# vill bæta lagaumhverfi og styrkja réttarstöðu barna með því að

1. móta og hrinda í framkvæmd opinberri og heildstæðri stefnu í málefnum barna og ungmenna sem byggð verði á rétti barnsins eins og hann er skilgreindur í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
2. barnastefnan taki til allra barna og þarfa þeirra svo sem fatlaðra og langveikra barna, barna innflytjenda og fátækra barna. Börnum og foreldrum verði gert kleift að taka virkan þátt í mótun stefnunnar
3. stjórnvöld leiti eftir samningum við fyrirtækin í landinu um að þau setji sér fjölskyldustefnu með það að markmiði að samræma atvinnuþátttöku og fjölskylduábyrgð
4. fyrirkomulag forsjár-, umgengnis- og ættleiðingarmála verði endurskoðað, m.a. með það fyrir augum að stytta málsmeðferðartíma, efla foreldraráðgjöf, fagmennsku og auka vernd barna og rétt til umgengni við báða foreldra sé þess nokkur kostur

## Veist þú að:

- Ábendingar Barnaréttar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2003 um það sem betur mætti fara hér á landi varðandi framkvæmd Barnasáttmálans hafa hvorki fengið kynningu né afgreiðslu.
  - Þingsályktunartillaga um mótun opinberrar fjölskyldustefnu var samþykkt á Alþingi fyrir áratug að frumkvæði jafnaðarmanna. Samkvæmt henni á jafnan að meta áhrif stjórnvaldsákvæðna á fjölskylduna og var Fjölskylduráði ætlað þetta hlutverk.
  - Ríkisstjórnin hefur aldrei leitað álits Fjölskylduráðs á stjórnvaldsaðgerðum og hvorki markað ráðinu fjárveitingar né starfsskilyrði.
  - Forsætisráðherra skipaði nefnd um málefni fjölskyldunnar í byrjun árs 2003. Engar tillögur eða álit liggja fyrir frá nefndinni á þeim fjórum árum sem hún hefur starfað.
  - Alþingi samþykkti árið 2001 að frumkvæði Samfylkingar að mótuð skuli heildstæð stefna og framkvæmdaáætlun í málefnum barna og ungmenna, samhliða aðgerðaráætlun sem átti að ljúka á árinu 2002. Nefnd sem skipuð var til að undirbúa stefnuna skilaði tillögum að opinberri barnastefnu árið 2004 eftir að leitað hafði verið álits um 130 sérfræðinga á þessu sviði.
- Málinu var síðar vísað til fjölskyldunefndar forsætisráðherra og ekkert frekar hefur heyrst af málinu síðan.
- Að hvorki hefur verið mörkuð stefna í barnaverndarmálum né aðgerðaráætlun svo sem skylt er samkvæmt barnaverndarlögum.

## Samfylkingin

# vill færa íslenskt velferðarsamfélag inní nýja öld með

1. Nýskipan stjórnarráðsins þar sem félagsleg velferðarmál og almannatryggingar heyri undir sama ráðuneytið þannig að ráðuneyti hætti að kasta málum á milli sín
2. Nýrri löggjöf í félagslegum velferðarmálum sveitarfélaga og almannatryggingum þar sem réttur og velferð allra barna er tryggður og stuðlað að eflingu fagfólks sem starfar með börnum, m.a. með bættri og aukinni menntun.
3. Yfirfarin verði verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, stjórnsýsla og framkvæmd opinberrar þjónustu við börn og barnafólk með tilliti til markmiða, samstarfs, samhæfni, skilvirkni og árangurs
4. Málefni fatlaðra, þ.m.t. fatlaðra barna, verði samþætt almennri félagsþjónustu sveitarfélaga, en miðlægri fagstofnun komið á fót til að styrkja starf í héraði og framboð sérhæfðra úrræða
5. Að ávallt liggja fyrir heildstæðar og áreiðanlegar almennar upplýsingar um börn og ungmenni hérlandis, sem máli skipta við stefnumótun og ákvarðanatöku opinberra aðila um hagi þeirra
6. Að velferð og réttindi barna verði sérstakt áherslumál Íslendinga á alþjóðlegum vettvangi og í utanríkismálum

## Veist þú að:

- Engar teljandi framfarir hafa orðið í lagalegri umgjörð félagslegra velferðarmála að frumkvæði Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá 1995.
- Síðustu afgerandi lög á sviði velferðarmála eru frá þeim tíma þegar jafnaðarmenn voru í ríkisstjórn:
  - Árið 1991, fyrstu lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem m.a. kveða á um rétt fátækra til fjárhagsaðstoðar, fjölskyldna til félagsráðgjafar og barna til margháttarar þjónustu
  - Árið 1992, gildandi lög um málefni fatlaðra
  - Árið 1993, gildandi lög um almannatryggingar
  - Árið 1993, gildandi lög um félagslega aðstoð

